

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Stöðvarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. apríl 1984 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Stöðvarfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Stöðvarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

18. apríl 1984

Nr. 211

SAMÞYKKT

um gjaldskrá vegna hundahalds í Kópavogi fyrir árið 1984.

1. gr.

Gjald fyrir hundahald í Kópavogi fyrir árið 1984 verður sem hér segir:

- a) Vegna 2. gr. samþykktar um hundahald frá 15. mars 1983, sbr. c staflið, kr. 500.
- b) Vegna ákvæða til bráðabirgða í samþykkt um hundahald í Kópavogi frá 15. mars 1983, d stafliður, kr. 2 500.

2. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. apríl 1984.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

9. apríl 1984

Nr. 212

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla.

1. Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 173/1979 um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla og gildir frá og með skólaárinu 1984—1985 þar til öðruvísi verður ákveðið. Auk þess sem hér segir vísast til aðalnámskrár grunnskóla svo og upplýsinga um kennslu í einstökum greinum sem skólum verða sendar.

2. Stundaskráin kveður ekki á um skipulag kennslu í skólum. Mælt er með því að beitt sé sveigjanleika í kennsluháttum og skipulagi eftir því sem aðstæður leyfa og möguleikar til samkenndu árganga og samþættingar námsgreina nýttir svo sem unnt er. Þetta á ekki hvað síst við um yngstu bekkinn grunnskólans. Þannig er æskilegt að hafa almenn námsmarkmið og markmið sem flestra námsgreina að leiðarljósi í hverri kennslustund og í öllu starfi skólans. Þó skal þess gætt að hlutfallið milli námsgreina verði sem næst því sem stundaskráin tilgreinir. Sjá einnig 65. gr. laga um grunnskóla. Við stundaskrárgerð skal leitast við að stundaskrá nemenda verði sem samfelldust.
3. Nemendastundir skiptast á námsgreinar og námsár eins og hér greinir:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár	5. ár	6. ár	Stundir alls á 1.—6. ári
Íslenska	7—10	7—10	7—10	7—9	7—9	6—8	45—52
Danska				0—2	2—3	2—3	4—6
Enska						2—3	2—3
Stærðfræði	3—4	3—4	4—5	4—5	4—5	4—5	25—28
Samfélagsgreinar ¹⁾	2—3	2—3	2—3	3—4	3—4	3—4	18—21
Kristinfræði	½—1	½—1	1—2	1—2	1—2	1—2	7—8
Náttúrufræði ²⁾				2—3	2—3	2—3	8—9
Mynd- og handmennt	2—3	2—3	4—5	4—5	4—5	4—5	22—24
Heimilisfræði	½—1	½—1	1	1	1	1½—2	6—7
Tónmennt	1—2	1—2	1—2	1—2	1—2	1—2	6—8
Íþróttir ³⁾	2	2	2—3	2—3	2—3	2—3	14—15
Valgreinar							
Stundir til ráðstöfunar	4	4	4	4	5	5½	26½
Stundir samtals	22	22	26	29	32	34	165

	7. ár	8. ár	9. ár	Stundir alls á 7.—9. ári	Stundir alls á 1.—9. ári
Íslenska	5—6	5—6	5	15—17	60—69
Danska	3—4	3—4	4	10—12	14—17
Enska	3—4	3—4	4	10—12	12—15
Stærðfræði	4—5	4—5	5	13—15	38—43
Samfélagsgreinar ¹⁾	3—4	3—4		6—8	24—29
Kristinfræði	1—2	1—2		3—4	10—12
Náttúrufræði ²⁾	3—4	3—4		6—8	14—17
Mynd- og handmennt	3—4	3—4		6—8	28—32
Heimilisfræði	2	1½—2		3½—4	10—11
Tónmennt	1—2	1—2		2—4	8—12
Íþróttir ³⁾	2—3	2—3	2—3	6—9	20—24
Valgreinar			10—15	10—15	10—15
Stundir til ráðstöfunar	5	5½		10½	38
Stundir samtals	35	35	31—35	101—105	266—270

- 1) Samfélagsfræði/samfélagsgreinar. Viðfangsefni úr áttahagafræði, landafræði, Íslandssögu, mannkynssögu og öðrum greinum félagsvísinda.
 - 2) Eðlisfræði, efnafræði og líffræði.
 - 3) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund, 1 stund á viku, sjá einnig reglugerð nr. 236/1979 um sundnám í grunnskóla.
4. Stundaskráin tilgreinir lágmarks- og hámarksfjölda kennslustunda sem verja skal til einstakra greina í hverjum aldursflokki. Einnig tilgreinir stundaskráin lágmarks- og hámarksfjölda kennslustunda sem verja skal til einstakra greina samanlagt í 1.—9. bekk.

Stundir til ráðstöfunar eru ætlaðar til að auka kennslu í einstökum greinum í hverjum aldursflokki umfram tilgreint lágmark. Þegar stundum til ráðstöfunar er skipt milli greina þarf að gæta þess að þetta lágmark sé uppfyllt.

Af stundum til ráðstöfunar í 7. og 8. bekk getur fræðslustjóri heimilað að varið sé til valgreina allt að 4 stundum í hvorum bekk.

5. Í öllum bekkjum er miðað við 40 mínútna kennslustundir. Þrátt fyrir þessa 40 mínútna viðmiðun er heimilt að hafa einstakar kennslustundir lengri eða skemmri, t. d. allt frá 20 mín. og upp í 80 mín. eftir því sem heppilegt er talið frá kennslufræðilegu sjónarmiði og með hliðsjón af þeim verkefnum sem unnið er að. Þess skal þó gætt að heildarfjöldi kenndra stunda á viku sé að jafnaði sá sem stundaskráin tilgreinir.

6. Auk þeirra stunda sem taldar eru í 3. tölulið hafa skólahverfi stundir til ráðstöfunar sem hér segir:

a) Í skólahverfum þar sem 12 eða fleiri nemendur eru í bekk (einn aldursflokkur eða fleiri) reiknast stundir til að skipta bekkjardeildum í verklegri kennslu eins og hér greinir:

í 1.—2. bekk 1 stund á hverja 24 nemendur

í 3.—8. bekk 3,5 stundir á hverja 24 nemndur.

Séu nemendur færri en 12 fær skólahverfið ekki skiptistundir skv. þessum staflíð.

b) Stundir til ráðstöfunar sem nemur einni vikustund á hverja 24 nemendur í grunnskóla að svo miklu leyti sem þær rúmast innan hámarksákvæða 9. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla.

c) Stundir vegna valgreina í 9. bekk sem reiknast samkvæmt formúlunni (fjöldi nem./ 17 — fjöldi deilda) $\times$ 12 = stundir til valgreina.

Stundir til valgreina verða þó aldrei færri en 4 í skólahverfi.

7. Ef ekki er unnt að halda uppi kennslu í grein vegna þess að ekki hefur fengist kennari í greininni eða vegna þess að aðstaða er ekki fyrir hendi, og útilokað að ráða bót á því, þá er heimilt að fengnu samþykki fræðslustjóra að nota þær stundir sem þessari grein eru ætlaðar til annarrar kennslu.

8. Í valgreinum skal meðalfjöldi nemenda í námshópum eigi vera minni en 17 og í einstökum hópum eigi færri en 12 nemendur. Þó er bent á þann möguleika að í sumum tilvikum er unnt að steypa saman smærri nemendahópum þannig að nemendur fáið við ólík viðfangsefni undir umsjón sama kennara.

Í 9. bekk skulu nemendur velja annað hvort samfélagsgreinar, 4 stundir, eða raungreinar, 4 stundir.

Einnig skulu nemendur eiga kost á að velja báðar greinarnar.

Um aðrar valgreinar skal hafa samráð við fræðslustjóra, en sérstaklega er bent á eftirfarandi:

Heimilisfræði

Mynd- og handmennt

Sjóvinna

Starfsfræðsla- kynning atvinnuvega

Tónmennt — hljóðfæraleikur — kórstarf

Tölvufræði

Vélfræði

Viðskiptagreinar (m. a. bókfærsla, vélritun)

Tiltekið val í 9. bekk takmarkar ekki möguleika nemenda til framhaldsnáms að því tilskildu að þeir hafi fullnægt þeim lágmarkskröfum um námsárangur sem gerður er til inngöngu í framhaldsskóla.

9. Í sumum tilvikum er skylt að veita nemendum fræðslu um tiltekin efni sem ekki koma fyrir í námsefni einstakra greina. Má hér nefna bindindisfræðslu, sbr. áfengislög nr. 58, 24. apríl 1954, fræðslu um umferðarmál, sbr. umferðarlög nr. 40, 23. apríl 1968, fræðslu um kynlíf, sbr. lög nr. 25, 22. maí 1975, fræðslu um jafnréttismál, sbr. lög nr. 78, 1976, félagsmálafræðslu, sbr. reglugerð nr. 433/1977 um félagsstörf og félagsmálafræðslu í grunnskólum.

Þessa efnisþætti er unnt að kenna á námskeiðum eða í tengslum við aðrar námsgreinar og er ekkert við það að athuga þótt vikulegur fjöldi kennslustunda víki um skeið nokkuð frá því sem stundaskráin segir, ef þess er gætt að meðalstundafjöldi hvers nemanda á viku yfir allt skólaárið sé sem næst því sem tilgreint er. Námskeiðin leiði ekki til aukakostnaðar.

Pá skal leitast við að halda uppi kórstarfi svo og fjölbreyttu félagsstarfi. Stundir til þessarar starfsemi getur skóli tekið af kvóta sínum samkvæmt 10. og 14. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla.

10. Stærð aldursflokka er víða þannig að mikil óhagkvæmni verður í rekstri skóla ef viðmiðunarstundaskrá er fylgt nákvæmlega. Í þessum tilvikum ber að huga að möguleikum til samkenndu mismunandi árganga, eða bekkjardeilda í sama árgangi í vissum greinum, en það er kennsluform sem víða er beitt með góðum árangri bæði í litlum og stórum skólum. Þessi tilhögun gerir kröfu um aukna samvinnu kennara en býður upp á fjölbreytni og aukinn sveigjanleika í skólastarfi auk þess að þær stundir sem skólar hafa til ráðstöfunar nýtast í mörgum tilvikum betur. Ekki er unnt að gefa neinar algildar reglur í þessu efni og er nauðsynlegt að kennarar þreifi sig áfram um hagkvæmar leiðir.

Hér á eftir fer dæmi um hugsanlega stundaskrá fyrir skóla með fáa nemendur.

Nemendum er skipt í þrjár deildir, þ. e. yngri deild (6) 7—9 ára, eldri deild 10—12 ára og unglingadeild 13—15 ára.

Y-deild	e-deild	u-deild	
Móðurmál		8	5
Stærðfræði	15	5	5
Samfélagsgreinar		6	14
Kristinfræði			
Náttúrufræði			
Heimilisfræði			
Tónmennt	6	7	
Mynd- og handmennt			
Danska		3	4
Enska			4
Íþróttir	2	3	3
Valgreinar			
	23	32	35

Þegar kennsla hefst í ensku hjá 12 ára börnum verður að fella niður kennslu í annarri grein í staðinn. Sama gildir um valgreinar í unglingadeildum.

Með þessari skiptingu fá nemendur kennslu í jafnmargar vikustundir á 9 árum og stundaskráin gerir ráð fyrir.

Við framkvæmd kennslu í unglingadeild skal, þrátt fyrir þá uppsetningu sem hér er notuð, taka mið af 48. gr. grunnskólalaga. Jafnframt er vísað til síðustu málsgreinar 46. gr. sömu laga.

11. Minnt skal á að nemendum er heimilt að þreyta próf í norsku eða sænsku í stað dönsku. Þess er tæplega að vænta að grunnskólar geti að jafnaði boðið nemendum kennslu í öðru Norðurlandamáli en dönsku, en skólastjórar og kennarar eru beðnir að vera þeim

nemendum, sem ekki læra dönsku, til aðstoðar við að skipuleggja sjálfsnám, eða annað nám sem þeir kunna að eiga kost á í því máli sem þeir leggja stund á.

12. Námstjórar menntamálaráðuneytisins, eða sérstakir trúnaðarmenn þess, leiðbeina við kennsluáætlanir, námsefni og kennslu í einstökum greinum. Rétt er að skólastjórar og kennarar snúi sér beint til þessara aðila eftir því sem þörf krefur og ástæða þykir til.

Kennsluáætlanir skóla skv. þeim reglum sem birtar eru í þessari auglýsingu skulu staðfestar af fræðslustjóra áður en til framkvæmda kemur.

13. Svo sem verið hefur er sveitarfélögum heimilt að setja á stofn og starfrækja forskóla, sbr. 74. gr. grunnskólalaga. Ráðstöfunarstundir til þessarar kennslu miðast við allt að 1,00 vikustundir á nemanda. Um forskólahald skal leita heimildar hlutaðeigandi fræðslustjóra.

Menntamálaráðuneytið, 9. apríl 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 50/1984, um notkun eiturefna og
hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju
og til útrýmingar meindýra.**

1. gr.

4. mgr. 4. gr. orðist svo:

Umsóknir um leyfi til þess að kaupa og nota efni í hættuflokkum X og A skal senda hlutaðeigandi lögreglustjóra, er sendir þær eiturefnanefnd til umsagnar. Eiturefnanefnd skal leita álits viðkomandi heilbrigðisnefndar um umsækjendur og eftir því sem við á hverju sinni, álits sérfræðinga Búnaðarfélags Íslands, Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og Skógræktar ríkisins. Eiturefnanefnd skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi umsögn sína innan tveggja mánaða.

2. gr.

6. mgr. 4. gr. orðist svo:

Þeir einir, er hafa leyfi til að kaupa og nota efni og efnasamsetningar í X hættuflokki (sbr. ákvæði 2. málsg.) mega stunda úðun garða í einkaeign eða almenningsseign með efnum og efnasamsetningum í X og A hættuflokkum, sbr. 2. mgr. Skulu þeir sækja um leyfi til þess til Hollustuverndar ríkisins. Hollustuvernd ríkisins leitar umsagnar eiturefnanefndar og viðkomandi heilbrigðisnefndar um umsækjendur, áður en leyfi er veitt. Leyfi gilda lengst til 5 ára og nefnd starfsemi óheimil án gildra leyfa. Við veitingu leyfa til garðaúðunar skal þess gætt, að tækjabúnaður og varúðarráðstafanir umsækjenda séu viðhlítandi og þeir séu hæfir til starfsins og hafi hæfu starfsliði á að skipa. Hollustuvernd ríkisins setur nánari reglur um veitingu leyfa þessara, ef þörf gerist.

3. gr.

Setningarhlutinn í 1. mgr. 5. gr. 4. línu sem hefst á orðunum „enda mæli Lyfjaeftirlit ríkisins . . .“ og orðist svo:

enda mæli eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa (sbr. 5. tl. 1. mgr. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).